13 FEB 2008




## ÞAKFRÁGANGUR

Húsþakið er svokallað bitasperruþak, þ.e. þaksperrur lagðar eftir þakhalla á útveggi og innfellda stálbita í þakinu.

Þar sem þakhalli er 1:6 eða tæplega 10 gráður, skal vanda til alls frágangs. Vanda skal frágang pappalagnar á þaki og nota vandaðan pappa frá viðurkenndum framleiðanda. Fara skal eftir fyrirmælum framleiðanda þakpappans um niðurlögn og frágang.

Þakið er einangrað, með steinull og loftræst neðan við heilklæðningu úr borðaviði. Loftræsa skal um rauf sem er búin til með vatnsþolnum krossviði út undir þakkanti. Loftbilið skal klæða af með eirneti.

Ofan á borðaklæðninguna, skal klæða með tveimur lögum af vönduðum þakpappa. Samskeyti skal skara og bræða saman. Ganga skal vel frá öllum samskeytum og á þakið að vera algerlega vatnshellt að þessu loknu.

Ofan við pappan skal setja lektur þvert á þakhalla. Þær skal setja á 8 mm þykkan fjarlægðarborða úr PVC, sem heldur lektunum á lofti. Lekturnar skal skrúfa niður í gegnum PVC borðan og ofan í þaksperrurnar. Þar sem skrúfað er niður í gegnum þakpappan skal setja tjörukítti undir PVC borðan.

Þakstálið er síðan skrúfað ofan í lekturnar. Þess skal vandlega gætt að þakskrúfurnar nái ekki niður í þakpappan.

Neðan við steinullareinangrunina og þaksperrurnar skal setja rakavarnarlag úr þolplasti, sem hefur PAM gildi amk. >500. Þess skal vandlega gætt við uppsetningu að hvergi komi göt á plastið. Samskeyti skal skara vel og heillíma. Þar sem rakavörn kemur að stálbitum og kverkum skal vanda frágang. Undir þolplastið kemur síðan lagnagrind út timbri og á hana skal klæða loftklæðningu.

Hnoðravellir 22, Hafnarfirði

VINNUTEIKNING
Þversnið í þakbrún á langhlið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað: SÁ | | Kvarði: | 1:5 |
| Reiknað: | | Dagss.: | 05.01.2008 |
| Teiknað: SÁ | | Verk nr.: | |
| Yfirfarið: | | Teikn. nr.: | A 301 |
| Breytt: | | | |

Sigurbergur Árnason arkitekt kt. 050656-3229 Norðurvangi 44 - 200 Hafnarfirði sími 820 8283 arkitektinn@simnet.is